

364. fundur Skólanefndar FS

10. maí 2023



Mættir: Bjarni Páll Tryggvason, Ásrún Helga Kristinsdóttir, Einar Jón Pálsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Hilma Hólmsfríður Sigurðardóttir, Logi Þór Ágústsson áheyrnarfulltrúi nemenda og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Annarlök, útskrift og breytingar.
 2. Fýsileikakönnun á samvinnu eða sameiningu FS og Keilis.
 3. Pípulagnanám.
 4. Staðan varðandi Fab Lab smiðju.
 5. Önnur mál.

1. Annarlök, útskrift og breytingar.

Skólameistari sagði frá lokum vorannar. Útskrift verður föstudaginn 26. maí en þá útskrifast um 135 nemendur sem er stærsti hópur sem hefur útskrifast frá skólanum. Nokkrir starfsmenn hætta störfum í vor og þar á meðal er umsjónarmaður fasteigna. Ekki verður ráðið í stöðuna og verður því einn umsjónarmaður framvegis í stað tveggja eins og verið hefur. Búið er að auglýsa eftir tómsfundafulltrúa í 35-40% stöðu. Innritun nýnema er enn í gangi og því er fjöldi nemenda á haustönn ekki ljós. Bekkjarkerfi verður hjá nýnemum og verður umsjónarkennari með hvern bekk. Vonast er til þess að aukið utanumhald minnki brotthvarf nemenda. Ljóst er að nemendum á starfsbraut mun fjölga verulega. Búið er að sækja um leyfi til að setja upp gáma við skólann sem myndu rúma tvær kennslustofur. Þannig losna aðrar kennslustofur sem verða notaðar fyrir starfsbrautina en auk þess þarf rými fyrir Fab Lab smiðju. Einar Jón spurði af hverju hætt var við að leigja Aðventistaheimilið fyrir smiðjuna. Skólameistari svaraði því til að leiga hafi verið há og óljóst hafi verið með ástand húsnæðisins og því ekki ljóst hvernig það myndi nýtast. Auk þess hafi ráðuneytið sett sem skilyrði að Fab Lab smiðjan tengdist skólanum og því hafi ekki verið hægt að finna húsnæði annars staðar. Búið er að setja upp gám sem verður nýttur sem geymsla fyrir húsnæði en núverandi geymslurými verður tekið undir nám í pípulögnum. Búið er að endurnýja borð í matsal, múrhúðun á hluta húsnæðisins verður endurnýjuð í sumar og unnið er að því að skipta út ljósum í skólanum fyrir LED-ljós. Búið er að semja við Daga um ræstingar til tveggja ára.

Bjarni Páll Tryggvason
Ásrún Helga Kristinsdóttir
Einar Jón Pálsson
Helga María Finnbjörnsdóttir
Hilma Hólmsfríður Sigurðardóttir
Logi Þór Ágústsson
Kristján Ásmundsson

2. Fýsileikakönnun á samvinnu eða sameiningu FS og Keilis.

Skólameistari sagði frá viðræðum við Keili um samvinnu eða sameiningu skólanna. Stjórnendur skólanna vinna nú að fýsileikakönnun sem á að vera lokið 15. maí. Verið er að safna gögnum og greina þau og meta kosti og galla við aukið samstarf eða sameiningu. Í kjölfarið tekur ráðherra ákvörðun um framhaldið. Málið rætt og hvaða kostir eru varðandi samstarf eða sameiningu við Keili, námsframboð og framtíð menntamála á svæðinu. Nefndarmenn lýstu óánægju sinni með að ekki hafi verið leitað eftir viðhorfum skólanefndar. Samvinna eða sameining gæti eftt Fjölbrautaskólann en gæta verði að því að ekki verði dregið úr námsframboði og fjölbreytni náms á svæðinu.

3. Pípulagnanám.

Skólameistari sagði frá því að boðið verður upp á nám í pípulögnum í haust en lengi hefur verið óskað eftir því að skólinn fari af stað með slíkt nám. Kennt verður síðdegis og fer námið fram í lotum þannig að nemendur geti lokið hverjum áfanga á stuttum tíma en þurfa ekki að binda sig heila önn. Kennsla á sjúkraliðabréu fer einnig fram síðdegis næsta haust. Einnig er verið að skoða að bjóða upp á meistaranám en biðlisti hefur verið í slíkt nám í Tækniskólanum.

4. Staðan varðandi Fab Lab smiðju.


Skólameistari sagði frá stöðunni varðandi Fab Lab smiðju og fjármögnun þess sem er á lokastigi. Vonast er eftir að skrifað verður undir stofnsamning síðar í þessum mánuði. Menntanet Suðurnesja verður lagt niður en hluti af því fjármagni sem ætlað var í það verður nýttur í rekstur Fab Lab smiðjunnar. Þegar það er komið í höfn verður auglýst eftir starfsmanni til að sjá um reksturinn.


5. Önnur mál.

a) Logi Þór formaður NFS sagði frá starfsemi félagsins. Búið er að kjósa nýja stjórn, lið félagsins vann körfuboltamót framhaldsskólanna, lið skólans komst í undanúrslit Morfis og árshátíðarvika var vikuna eftir páska. Markmið vetrarins var að efla félagslífið eftir Covid og fá fleiri til að taka þátt. Logi þakkaði skólanefnd fyrir samstarfið í vetur og nefndarmenn þökkðu fyrir sömuleiðis.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Bjarni Páll Tryggvason, formaður



Einar Jón Pálsson


Hilma Hólmsfríður Sigurðardóttir


Kristján Asmundsson, skólameistari


Asrún Helga Kristinsdóttir


Helga María Finnbjörnsdóttir


Logi Þór Ágústsson


Guðmann Kristþorsson, fundaritari